

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftfrymis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁴⁾ voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁵⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 633/2007 frá 7. júní 2007 um kröfur vegna beitingar samskiptareglna skeytasendinga vegna flugs sem eru notaðar við tilkynningu, samræmingu og flutning á flugi milli flugstjórnardeilda ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66wb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„66wba. **32007 R 0633**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 633/2007 frá 7. júní 2007 um kröfur vegna beitingar samskiptareglna skeytasendinga vegna flugs sem eru notaðar við tilkynningu, samræmingu og flutning á flugi milli flugstjórnardeilda (Stjtíð. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 633/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 89, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 88.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjtíð. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.